

Málstofa-hópur eitt. Forgangsröðun

- Þjóðfélagsleg sátt þarf að vera um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Forgangsröðun er erfitt viðfangsefni, spurning um réttlæti og siðferði. Setja saman hóp heilbrigðisstarfsfólks, stjórnmalamanna og stjórnenda til að setja fram tillögur að viðmiðum um forgangsröðun.
- Bjarga þarf lífi sem er ógnað ef ekkert er að gert.
- Forgangsráða annars fyrst heilsugæslu, svo sjúkrahúsum og svo sérhæfðum sjúkrahúsum. Eftir því sem þjóðfélagið verður sterkara efnahagslega á að auka sérhæfingu. Þó skal alltaf leggja ríka áherslu á forvarnir og heilsuvernd.
- Bæta þar tölvutengingar milli heilbrigðisstofnana, myndi fækka tvítekingum í rannsóknum og spara til lengri tíma.
- Stytta biðlista, fólk sem bíður nauðsynlegra aðgerða er frá vinnu og þarf oft dýr lyf og umönnun. Gæti verið hagkvæmt að hafa lítinn sem engan biðlista. Liðskiptaaðgerðir eru almennt mjög arðsamar.
- Skilgreina þarf hvað við ætlum að gera, hvert á að stefna og hvernig við stöndum okkur í samanburði við önnur lönd. Mæla þarf árangur og bera hann saman við árangur hjá öðrum þjóðum.
- Skoða hvort sleppa eigi því að taka upp nýja þjónustu meðan efnahagsástandið er eins erfitt og raun ber vitni.
- Ekki hefja hér meðferð sem er á tilraunarstigi, þar sem ekki eru líkur til að leiði til betra lífs.
- Oflækningar og aðgengi að þjónustu. Ræða þarf opinskátt um ákveðnar aðgerðir. M.a. kom fram að hlutfallslega fleiri hjartaaðgerðir eru gerðar á Íslandi en öðrum Norðurlöndum. Er mögulegt að lækka þjónustustig í e-m tilvikum án þess að árangur minnki?
- Huga þarf að því hvort stytting legutíma gæti haft áhrif atvinnu kvenna þar sem hefð er fyrir að konur axli meiri ábyrgð á umönnun á heimilum en karla.
- Of mikið er miðað við stofnanþjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Veita meiri þjónustu utan stofnana eftir því sem mögulegt er.
- Skoða þarf forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu í samhengi við aðra þætti samfélagsins þegar teknar eru ákvarðanir um hvernig verja skal almannafé, t.d. vegagerð og utanríkisþjónustu.
- Nýta þarf fé sem allra best. Upplýsa fólk til að gera það færara um að sinna eigin heilsu, m.a. með því að auka ráðgjöf og fræðslu í grunnþjónustu. Skoða þarf nýjar lausnir eins og Cronic care og self care.